Terrorism poses several interrelated challenges for Western liberal-democracies. Authorities must protect citizens but also be vigilant against overreach and the violation of their own norms, such as commitments to human rights and due process. The tension between safety and civil liberties creates a potential point of rupture between the state and its citizens. Since the 9/11 attacks in the US, counter terrorism policies have been on political agendas in all countries in the Western World. In this presentation, we explore the dynamics within public attitudes towards specific forms of counter-terrorism measures in Iceland, Norway, and Sweden. While these three Nordic countries have much in common, Sweden and Norway have experienced deadly terrorist attacks in recent years, but Iceland has not. Thus, people in Norway and Sweden likely perceive a greater threat of terrorism than Icelanders do and may consequently be supportive of controversial counter-terrorist measures. We use survey data gathered in three Nordic democracies to examine support for a range of different counter-terrorism measures. To estimate the complex relationships between demographic characteristics, social and political trust, and support for these measures, we employ a structural equation model with theorised latent variables for the type of security/liberty trade-

off required by each measure. Our findings emphasise that while Nordic social solidarity and collectivism may facilitate a certain level of authoritarian counterterrorism, this is limited by the characteristic levels of trust and education in these states—though the limits differ according to the exact trade-off involved.

Sérskilyrði í tengslum við skilorðsbindingu dóma: Dauður lagabókstafur eða vannýtt úrræði? (kl. 14:00-14:25 í M201)

– Sigríður Hjaltested, Héraðsdómur Reykjavíkur

Í V. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fjallað um refsingar en þær geta verið tvenns konar, annars vegar fangelsi og fésektir hins vegar. Hafi ákærði verið fundinn sekur um refsiverðan verknað getur dómari m.a. ákveðið að fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið eða frestað fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið. Almennt skilyrði frestunar er að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum en frestun má einnig binda sérskilyrðum sem fram koma í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Sérskilyrði eiga það sammerkt að vera ætluð til að styðja við dómpola með virkum hætti og koma til móts við þarfir hans, allt í þeim tilgangi að fyrirbyggja frekari afbrot dómpola og auka líkurnar á að hann standist skilorð. Dómstólar hér á landi hafa lítið beitt þessari heimild og hefur það vakið spurningar um framkvæmd skilorðsdóma. Er framkvæmdin „dauð og ómerk“ eða er lagaákvæðið vannýtt þegar kemur að sérskilyrðum í tengslum við skilorðsdóma? Hverjar eru ástæður þess að heimildinni er ekki beitt í meira mæli? Má styrkja réttarvörslukerfið til þess að virkja hana og hvernig?

In Defense of Defensible Space (kl. 14:25-14:50 í N101)

– Eric Nay, OCAD háskóli

I propose to discuss the design of public/urban spaces from a crime prevention point of view with the goal of proposing how equitable urban design and crime prevention might be united using methods embedded in both police studies and socially just spatial design. In the aftermath of a decade of urban social uprisings, our relationships to public space, security and equity has changed forever, but good urban design spatial practices have not kept up with security improvements, nor renewed design practices. “Defensible space” is now an increasingly important design premise that experts such as Eyal Weizman (Goldsmiths, UK) have begun use to reshape how the design of public space can contribute to both security and equity. In this presentation I will analyze current case studies of good defensible urban design precedents around the globe, while discussing security risks, fear and public perceptions by analyzing how we imagine the urban realm as a zone of lawlessness by drawing upon familiar dystopian tropes around policing and space as represented in urban environments envisioned in films (Alphaville, Blade Runner, Elysium, Metropolis, Minority Report. et. al.). Afterwards, the research question and discussion will centre on how can we design public spaces to permit protests and inclusion, while also providing security in an environment that is often seen as being under constant threat from terrorism, surveillance and other acts of violence using methods and frameworks from police studies? How do equity and police-ability merge in the design of the built environment within the public realm?

Að vernda og þjóna á meðan staðið er vörð um forréttindi og karllægar áherslur: Ráðandi karlmennska í lögreglunni (kl. 14:25-14:50 í M101)

– Finnborg Salóme Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands

Lögreglustarfið er kynjað og karllægt og breytingar í átt að kynjajafnrétti eru hægar. Rannsóknir benda til þess að beina þurfi sjónum að viðhorfum karla innan lögreglunnar til jafnréttis, skoðunum þeirra og fordómum, sem viðhalda karllægum valdastrúktúr. Byggt á könnun meðal lögreglumanna í íslensku lögreglunni sjáum við ólík viðhorf meðal karla annars vegar og kvenna hins vegar til jafnréttis og kynjaðra staðalmynda. Karlar eru líklegri en konur til að hafa þá skoðun að innan lögreglunnar ríki jöfn tækifæri, en á sama tíma viðhafa þeir neikvæð viðhorf varðandi getu kvenna til að starfa í lögreglunni. Ungir karlar og karlar sem er óánægðir með framgang sinn í starfi eru líklegri til að hafa neikvæð viðhorf til kvenna en eldri karlar og þeir sem ánægðari eru með framgang sinn. Byggt á kenningum Connell um ráðandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*), Silvestri um „fyrirmyndar“ lögreglumann (e. *the 'ideal' police officer*) og Kimmel um tilætlunarsemi (e. *sense of entitlement*) færum við rök fyrir því að ráðandi karlmennska, sérstaklega hugmyndir um fyrirmyndar lögreglumann, ýta undir karllæga tilætlunarsemi. Breytingar í jafnréttisátt innan vinnustaða skapar ógn við tilætlunarsama karla, karla sem jafnvel upplifa sig ekki í valdastöðu en trúa því að þeir eigi tilkall til valda vegna ráðandi hugmynda um hvað það er að vera lögreglumaður. Neikvæð viðhorf til kvenna stuðla að karllægri vinnumenningu og viðhalda ójafnri stöðu kynjanna innan lögreglunnar. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á brýna nauðsyn til að gripið verði til aðgerða, sérstaklega sem snúa að menningarlega mótuðum hugmyndum um lögreglustarfið og hvað það er að vera fyrirmyndar lögreglumaður.

Prevention as a main aim of police work – The Berlin way (kl. 14:25-14:50 í M102)

– Anja Jaß, Lögregluskólinn í Berlín

Is crime prevention a part of police work? This provocative question must be addressed because not every police officer has this responsibility yet in their self-conception. What is the benefit of prevention work? What about collaborative networks? What structures within the police organisation are necessary for crime prevention? And how do education and further training need to be organised to reach every police officer? Anja Jaß, Detective Chief Inspector and authorised officer for victim protection and crime prevention at the Berlin Police Academy, will in her presentation discuss the Berlin approach to educate police officers on crime prevention. At the academy, Anja is tasked with implementing the project “Professionalism in interacting with victims as a key competence of police officers.” She also organises conferences on victim rights in Berlin and works in many arenas to raise awareness and improve police officer training as it pertains to interaction with victims.

Rauði krossinn: Aðstoð eftir afplánun (kl. 14:25-14:50 í M201)

– Sigríður Birna Sigvaldadóttir, Rauði krossinn

Rauði krossinn hefur skoðað hvaða úrræði eru í boði fyrir fanga eftir afplánun á Íslandi og er verulegur skortur á stuðningi þegar fangelsisvist lýkur. Það er sambærilegt og kemur fram í skýrslum frá á hinum landsfélögum Rauða krossins á Norðurlöndunum að fangar eiga erfitt uppdráttar eftir afplánun. Aðstoð eftir afplánun hjá Rauða krossinum er eftir norskri fyrirmynd. Eftir fjarveru úr samfélaginu þá er marga sem þarf að huga að og mikilvægt að

hafa stuðning út í samfélagið. Með verkefninu er leitast við að efla getu þátttakenda við að takast á við lífið og þær áskoranir sem verða á vegi þeirra, efla félagslegt öryggi og öðlast tiltrú á eigin getu sem áhrifavalds í eigin lífi. Verkefnið er sett upp sem félagsvinaverkefni þar sem sjálfsboðaliði sinnir einum þátttakenda sem er að ljúka afplánun í fangelsi með þarfir einstaklingsins í huga. Félagsvinurinn hjálpar einstaklinginum við að aðlagast samfélaginu, nýta sér opinbera þjónustu, leita sér nýrra leiða í uppbyggingu á félagslegu neti og öðlast tiltrú á eigin getu sem áhrifavalds í eigin lífi. Rauði þráður verkefnisins er notendasamráð og þróun verkefnisins er stöðugt.

The Centralization and Rapid Deployment of Police Agency Information Technologies: An Appraisal of the Diffusion of Real Time Crime Centers in the United States (kl. 15:00-15:25 í N101)

– Rob T. Guerette, Florida International háskóli og Fulbright sérfræðingur, Joelle Lee-Silcox, Jose Rodriguez, Jaime Ramirez og Alejandro Gutierrez, Lögregla Miami borgar

The ever-increasing need and newfound ability to harness and deliver information to police in rapid timeframes have led to the development of centralized data platforms commonly recognized as real time crime centers (RTCCs) across the United States. Despite their emergence, little is known collectively about the extent of their diffusion, their organizational structures nor their functionality. This study sought to appraise the nature of RTCCs currently operating across the U.S. through a first ever national survey of RTCCs within 44 police agencies. Findings revealed that 1) though first conceived in 2005, RTCCs have diffused more rapidly in the last several years but appear to still be in the early innovation/adoption phase, 2) there is no single model for how RTCCs are utilized, 3) most procure a wide variety of technologies and information sources and 4) most allow for information to be shared with local, state, federal and private partners in real time.

Ótti við afbrot og aðgerðir gegn brotum (kl. 15:00-15:25 í M101)

– Rannveig Þórisdóttir og Sædís Jana Jónsdóttir, Embætti ríkislögreglustjóra

Ótti við afbrot er gjarnan mældur með því að spyrja út í mat á eigin öryggi og mat á líkum á því að verða fyrir afbroti. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að sambandið er mun flóknara en svo enda mikill munur á raunverulegum ótta og huglægu mati á ótta. Til að fá dýpri skilning á ótta við afbrot þá hefur einnig verið horft til þess til hvaða aðgerða einstaklingar grípa til að reyna að verja sig brotum. Þá er annars vegar átt við hegðun sem snýr að því að forðast ákveðna staði eða aðstæður og hins vegar hegðun sem snýr að því að vernda sig eða eigur sínar s.s. með öryggiskerfi. Ótti við afbrot er einnig ólíkur meðal karla og kvenna en rannsóknir benda til þess að þó svo karlar séu almennt líklegri til að verða fyrir afbrotum en konur þá óttist þær afbrot mun meira. Hér verður leitast við að skoða þetta samband nánar með því að skoða hvort ótti við afbrot og varnaraðgerðir gegn brotum séu með sama hætti meðal karla og kvenna. Notast er við niðurstöður þolendakannana sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóri hafa framkvæmt síðustu ár. Niðurstöður benda til þess að þegar spurt er út í almennan huglægan ótta við afbrot þá kemur ekki fram kynjamunur en þegar hins vegar er spurt út í ótta við ákveðnar aðstæður þá eru konur mun líklegri en karlar til að segjast finna fyrir ótta við afbrot. Þá eru konur líklegri en karlar til að telja líklegt að verða fyrir broti og að segjast grípa til aðgerða til að verja sig brotum er snúa að ofbeldi. Ekki er kynjamunur hvað varðar öryggisaðgerðir heimafyrir en það getur skýrst af

Því að um er að ræða aðgerðir sem snúa að heimilinu og ekki er spurt um það hver hafi tekið ákvörðun um að grípa til þeirra. Mikilvægt er að skoða ótta við afbrot nánar, sérstaklega með það í huga hvort ótti við afbrot, hvors sem hann er raunhæfur eða ekki, hafi áhrif á lífsgæði og hreyfanleika ákveðinna hópa í samfélaginu.

Aðgerðir í baráttunni gegn mansali (kl. 15:00-15:25 í M102)

– Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Háskólinn í Reykjavík

Ísland undirritaði samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali 16. maí 2005 og fullgilti hann 12. febrúar 2012. Í samræmi við þær skuldbindingar, sem samningurinn kveður á um, hafa íslensk stjórnvöld unnið eftir sérstökum aðgerðaáætlunum gegn mansali. Gildandi aðgerðaáætlun, sú þriðja í röðinni, var kynnt í mars 2019.

Frá og með útgáfu þriðju aðgerðaáætlunarinnar hafa stjórnvöld unnið markvisst að umbótum í þessum brotaflokk. Þá var ákvæði hegningarlaganna um mansal endurskoðað og gerðar á því mikilvægar breytingar á nýafstöðnu vorþingi í þeim tilgangi að auka vernd þolenda brotanna og auðvelda saksókn á hendur þeim sem ábyrgir eru fyrir brotunum. Afar sjaldgæft er að ákært sé fyrir mansal og aðeins einn dómur hefur fallið þar sem sakfelld er fyrir brot á mansalsákvæðinu. Í því máli var um hlutdeildarbrot að ræða.

Í erindinu verður grein fyrir helstu umbótum sem gerðar hafa verið í kjölfar þriðju aðgerðaáætlunar gegn mansali. Í nýjustu áhættumatsskýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi er m.a. lýst áhyggjum af því að vinnumansal hafi vaxið hratt innan tiltekinna atvinnugreina á undanförunum árum og að mikil fjölgun hælisleitenda auki hættuna á mansali vegna bágrar félagslegrar stöðu þeirra. Þá verður farið yfir stöðu Íslands í baráttunni gegn mansali að mati bandarískra stjórnvalda (TIP Report) og samkvæmt úttekt sérfræðingahóps Evrópuráðsins (GRETA's Report).

Framsögumaður starfaði í dómsmálaráðuneytinu á þeim tíma sem þriðja aðgerðaáætlun um mansal og annars konar hagnýtingu var unnin og fylgdi eftir framkvæmd hennar. Þá á hann sæti í GRETA, sérfræðingahóp Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.

Taktu skrefið (kl. 15:00-15:25 í M201)

– Anna Kristín Newton, Fangelsismálastofnun ríkisins og
Sálfræðistofan Höfðabakka, Henrietta Ósk Gunnarsdóttir,
Fangelsismálastofnun ríkisins og Domus Mentis geðheilsustöð og
Jóhanna Dagbjartsdóttir, Sálfræðistofan Höfðabakka

Taktu skrefið er nýtt úrræði sem beinist að einstaklingum yfir 18 ára sem hafa áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni, á netinu, gagnvart öðru fólki eða telur mögulegt að það hafi beitt aðra manneskju kynferðisofbeldi. Úrræðið hefur það að leiðarljósi að draga úr kynferðisofbeldi með því veita viðeigandi fræðslu, stuðning og meðferð. *Taktu skrefið* var sett á laggirnar í júní 2021 í tengslum við aðgerðir stjórnvalda vegna gerenda í ofbeldismálum og er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis geta verið viðtækar og skiptir máli að þeir sem sýna af sér skaðlega hegðun fái viðeigandi aðstoð til að draga úr líkum að hún haldi áfram. Taktu skrefið samanstendur af hópi fagaðila sem hefur víðtæka reynslu, þekkingu og sérhæfingu í þessum málefnum. Farið verður yfir þróun úrræðisins, fyrstu skrefin, markmiðin og framtíðarsýn.

Standardisation of the management of international criminality within UK policing (kl. 15:25-15:50 í N101)

– Jerry Pearson, Sunderland háskóli

International criminality within the UK is a significant problem with foreign national offenders representing around 18% of all arrests and 12% of the prison population. In 2018, awareness of foreign national offending among police forces was extremely low with huge inconsistencies of approach being applied in response to this growing threat.

To address the issue, mixed methods research was conducted with initial efforts focussed upon attempting to determine the extent of inconsistency within forces and the most common areas of failure. Following desk-based analysis of data, it became clear that the introduction of standardised national guidance to educate and better guide officers, was desirable. Primary research using questionnaires was then conducted with two cohorts of operational officers in an attempt to shape the content of any new national guidance. In total, responses were received from around 800 officers, belonging to a number of different police forces.

National guidance was subsequently produced and in 2019, published by the College of Policing as Authorised Professional Practice (APP), becoming an important operational and risk-reduction tool, available to over 120,000 officers in England and Wales.

Handleiðsla - liður í stefnumótun náms og starfsþróun lögreglunnar (kl. 15:25-15:50 í M101)

– Sigrún Júlíusdóttir, Háskóli Íslands og Sveindís A. Jóhannesdóttir, Reykjalundur

Í fyrirlestrinum er fjallað um hugtakið handleiðsla, merkingu þess og vægi sem liður í víðtækri stefnumótun menntunar og starfsþróunar innan löggæslunnar. Áhersla er á forvarnargildi handleiðslu sem tæki til að efla fagvitund og sporna gegn starfsþreitu og örmögnun (e. *burn-out*) í krefjandi starfsaðstæðum á sviði löggæslu. Stuttlega er vikið að námsmöguleikum á sviði handleiðslu og um handleiðslu í starfsþjálfun fagstétta. Í því sambandi er ný íslensk bók *Handleiðsa- til eflingar í starfi* kynnt til sögunnar.

Athygli er beint að nýlegum rannsóknum um fjölbreytilega útfærslu og gagnsemi handleiðslu og hvernig skipuleggja má handleiðslukerfi sem stjórnæki til að efla fagstyrk lögreglunnar. Færð eru rök fyrir því að handleiðsla sem stoðkerfi í starfsemi opinberra þjónustustofnana geti haft marktæk áhrif á þróun í starfshlutverkinu og aukið færni til að mæta kröfum, álagi og áföllum. Þannig sé lagt af mörkum til traustari löggæsluhlutverks í þágu félagslegrar velferðar og trausts almennings um leið og það eykur öryggi fagmanns og vellíðan í starfi á vettvangi.

Þörfin fyrir þverfaglega nálgun í baráttunni gegn mansali (kl. 15:25-15:50 í M102)

– Hlín Sæþórsdóttir, Ríkisháskóli New York

Mansal er gróft mannréttindabrot sem snertir öll lönd heims. Milljónir kvenna, karla og barna eru fastar í mansalsaðstæðum en birtingarmyndir mansals geta verið margvíslegar, eins og refsiverð hagnýting á einstaklingum í kynferðislegum tilgangi, vinnubrælkun eða brotnám líffæra.

Ein helsta hindrunin í baráttunni gegn mansali eru erfiðleikar við að koma auga á verknaðinn og bera kennsl á fórnarlömbin, en það er forsenda þess að hægt sé að vernda þau og aðstoða. Sjaldnast stíga fórnarlömbin fram að eigin frumkvæði vegna ótta, skammar eða vantrausts á yfirvöldum.

Helstu birtingarmyndir mansals á Íslandi eru kynlífsmansal og vinnumansal. Til þess að hægt sé að uppræta mansal er mikilvægt að skilja hvers vegna það þrífst, hvaða fólk lendir í mansalsaðstæðum og hvernig hægt sé að nálgast fórnarlömb og koma þeim til hjálpar.

Árangursrík viðbrögð gegn mansali krefjast samstarfs ýmissa fag- og hagsmunaaðila svo sem lögreglu, félagsþjónustu, Útlendingastofnunar, vinnueftirlits, stéttarfélaga og heilsugæslu. Mikilvægt er að hafa heildrænt kerfi til staðar sem er í stakk búið til þess að sporna gegn mansali með því að beita forvörnum, vernda fórnarlömb og draga þá til ábyrgðar sem skipuleggja eða hagnast á mansali.

Í erindinu er fjallað um skilgreiningu mansals og birtingarmyndir þess, aðferðir sem manseljendur nota til þess að ná tökum á fórnarlömbum sínum, hvernig megi bera kennsl á mansal og hvað þurfi til að koma svo aðstoða megi fórnarlömb og sækja manseljendur til saka.

Narcotics engagement and criminality among school-attending adolescents in Bissau, Guinea-Bissau: A cross-sectional analysis (kl. 15:25-15:50 í M201)

– Jon Bollom, Háskóli Íslands, Aladje Baldé, Jean Piaget háskóli Ginea-Bissá, Zeca Jandi, INEP, Hamadou Boiro, Háskóli Íslands og INEP, Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, Háskóli Íslands

Introduction: The UN Office on Drugs and Crime advocates interventions addressing social determinants of drug use and criminality, to achieve SDGs 3 (health and well-being) and 16 (justice for all). Such behaviours are often adopted during adolescence, influencing later health and life-choices. Data on drug use and its determinants in resource-poor settings is scarce, hindering intervention programming. The study aim was to explore criminality and drug behaviours among school-attending adolescents in Bissau, Guinea-Bissau.

Methods: The study was implemented in June 2017, targeting 15-16 year olds, with 4,470 adolescents responding to a locally adapted questionnaire across 16 schools in Bissau. 2,039 were subsequently selected through random cluster process. Varimax principal component analysis of 312 variables captured data-driven models of drug use behaviours.

Results: Just over a quarter (27.3%) of respondents reported lifetime alcohol use, 10.8% reported lifetime smoking incidence, and 3.6% indicated lifetime cannabis use. In each instance, the '15 years and above' age bracket was the most significant period of initiation, signifying increased instigation in later adolescence. Linear regression analysis revealed experiences of drinking alcohol, sexual and group violence predicted drug use and criminality. Male gender and changing schools predicted violence, female gender and poor family finance predicted theft. Drug use and false police accusation predicted violence and theft. School dismissal, relationship breakdown and male gender predicted drug use.

Conclusions: Alcohol, tobacco and marijuana use were patterned, indicating simultaneous drugs use. Single interventions may prevent several antisocial behaviours, and multiple-drug interventions may prove equally effective to those addressing one.

Accessing Justice: the impact of discretion, 'deservedness' and distributive justice on the equitable allocation of policing resources (kl. 16:00-16:25 í N101)

– Emma Williams, Opni háskólinn og Sarah Charman, Portsmouth háskóli

With significant authority as a social institution to exercise coercive power over the public, the police are faced with a uniquely important role in the initiation of a process of justice. It must do this through adhering to the principles of fairness and with a focus upon equal citizenship. Through a framework of distributive justice, which examines both the processes and outcomes of police encounters and the concrete and symbolic resources at their disposal, this paper seeks to analyse the data from three projects examining the work of police officers in England over a sixteen-year period. Through this analysis of the views and attitudes of both complainants and police officers, the findings indicate a remarkably consistent story of barriers in accessing justice thereby precluding the opportunity for either the initiation of a process seeking justice or of a satisfactory outcome or indeed any outcome at all. The lack of allocated concrete or symbolic resources was evident in complainants receiving limited time, limited investigation and a limited voice. This paper would argue therefore that there is evidence of an unfair and inequitable distribution of resources to victims and potential victims of crime which is enabled by police discretion, justified by a focus on deservedness and personal choice and encouraged by the cultural language of stigmatisation of people and place.

Lögreglan í þorpinu: „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ (kl. 16:00-16:25 í M101)

– Birgir Örn Guðjónsson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2019 fór LRH í samstarf með Hafnarfjarðarbæ með það markmið að þróa forvarnarmódel sem mögulega væri hægt að vinna eftir á fleiri stöðum. Markmiðið með verkefninu var að draga úr vímuefnaneyslu og áhættuhegðun barna og ungmenna með samstarfi aðila og byggir á hugmyndum um snemmtæka íhlutun t.d. með því að koma í veg fyrir að börn búi við ofbeldi, vanrækslu eða aðrar slíkar aðstæður. Einnig átti að leiðast við að vinna að vernd og forvörnum annarra viðkvæma hópa samfélagsins eins og innflytjenda.

Reynslan verkefnisins sýndi að lögreglan er nauðsynleg tenging milli stofnanna og sviða innan sveitarfélaga og flýtti það vinnslu mikilvægra mála. Nálægðin við sveitarfélagið, svið innan þess og stofnanir gerði það að verkum að yfirsýnin var meiri, skrefin styttri og samvinnan betri. Þá var auðveldara að fá yfirsýn yfir málefni ungmenna sem voru farin að sýna aukna áhættuhegðun og koma málum þeirra í ferli. Lögreglan er í þeirri stöðu að geta tengst inn í allar einingar, eins og skóla, félagsmiðstöðvar, félagasamtök og fleira. Með aukinni meðvitund og áhuga á forvörnum getur lögreglan þétt það net sem á að grípa einstaklinga sem gætu á seinni stigum leiðst út á braut skaðlegrar vímuefnaneyslu eða afbrota.

Þegar kemur að fíkniefnamálum fer nánast öll orka og fjármagn lögreglunnar í að vinna á framboðinu á meðan nær engin vinna er í að minnka eftirspurnina. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Með slíku ójafnvægi verður árangurinn einungis mældur í fjölda handtekinna og haldlagðra fíkniefna en minna í bættu samfélagi eins og markmiðið ætti að vera.

Víðsvegar í heiminum er ákall um breytt vinnubrögð lögreglu og aukna samvinnu við aðrar fagstéttir. Forvarnir eru grunnur þess að starf lögreglunnar skili árangri til lengri tíma lítið.

Ég varð fyrir áfalli í starfi – hvað svo? (kl. 16:00-16:25 í M102)

– Sigrún Sigurðardóttir, Háskólinn á Akureyri

Stutt lýsing: Fjallað er annars stigs áfallastreitu (e. *Secondary Traumatic Stress*). Fjallað er um rannsóknir á viðfangsefninu og tengt við reynslu af því að hafa orðið fyrir áfalli í starfi sem lögreglumaður og að upplifa annars stigs áfallastreitu og afleiðingar þess á lífið og heilsu.

Aðferð: Fræðileg samantekt á rannsóknum um annars stigs áfallastreitu, tengt við raunverulegt tilfelli úr starfi lögreglumanns. Stuttmynd byggð á reynslu af áfalli í starfi sem lögreglumaður á landsbyggðinni (Hafið ræður, sýnd í kjölfar erindis).

Helstu niðurstöður: Niðurstöður rannsókna sýna að það að upplifa áfall eða erfiða reynslu í starfi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar og líðan, með sálrænum, líkamlegum og félagslegum afleiðingum sem getur leitt af sér kulnun, fíkn, sjálf skaðandi hegðun og sjálfsvígshugsanir.

Samfélagsþjónusta (kl. 16:00-16:25 í M201)

– Brynja Rós Bjarnadóttir, Fangelsismálastofnun ríkisins og Háskóli Íslands

Samfélagsþjónusta er tímabundið, ólaunað starf sem kemur í stað vistunar í fangelsi, bæði vegna óskilorðsbundinnar refsingar og vararefsingar fésektar. Ólíkt flestum löndum í kringum okkur þá er ákvörðun um samfélagsþjónustu stjórnvaldsákvörðun sem tekin er af Fangelsismálastofnun en ekki dómstólum.

Tilgangur og markmið samfélagsþjónustunnar er m.a. að draga úr fangelsisnotkun en u.þ.b. 25% fangelsisrefsinga eru fullnustuð með samfélagsþjónustu. Sá sem gegnir samfélagsþjónustu er virkur þátttakandi í samfélaginu á meðan hann sinnir henni, sem þýðir að hann getur stundað vinnu sína, nám eða aðra virkni á meðan og verið með fjölskyldu sinni og vinum. Um 250-300 einstaklingar fá samþykktu samfélagsþjónustu ár hvert og er þeim veittur stuðningur í gegnum ferlið frá upphafi til enda.

Trend or tradition? Exploring the collaboration between the Danish police and military in a historical context (1968-2018) (kl. 16:25-16:50 í N101)

– Mette Volquartzen, Kaupmannarhafnarháskóli og Rasmus Dahlberg, Danski varnarmálaháskólinn

It is widely acknowledged that the blurring boundaries between the police and the military in western societies is a recent trend. It is clear, that a sector convergence is taking place especially due to a reinforced threat from terrorism since the early 2000s. One outcome of this development is a growing requirement for more capabilities traditionally associated with military assets (weapons, equipment, tactics etc.) However, by interpreting the blurring boundaries between the police and the military as a novelty, one might overlook specific national conditions, continuities and particularities of policing, which are necessary to include when analysing historical trends. Based on empirical findings from a current research project

about military support to the police in Denmark 1968-2018, we apply a qualitative historical approach to the question and argue that militarisation of the police and military armed assistance to the police in Denmark is a traditional phenomenon and not a new policing paradigm. It is rather part of a long-term process of shifts in social attitudes towards soldiers doing police work, thus making it more public, visible and legitimate. Furthermore, we identify some important methodical issues with trying to identify continuities and changes within military assistance to the police.

Heiðarleiki lögreglunema (kl. 16:25-16:50 í M101)

– Ólafur Örn Bragason, Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu

Heiðarleiki (e. *Integrity*) er mikilvægur í vinnuumhverfi og þá sérstaklega í starfi lögreglumanns þar sem hlutverk lögreglu er að framfylgja lögum. Ósæmileg hegðun innan lögreglunnar er þó vandamál víða um heim. Til þess að mæla heiðarleika er gjarnan notast við viðhorf einstaklinga og er það gjarnan gert með klípusögum. Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að lögreglumenn á Norðurlöndum séu fúsari til að tilkynna starfsfélaga sína gerist þeir sekir um ósæmilega hegðun og það sama á við um íslenska lögreglumenn. Í þessari rannsókn voru viðhorf lögreglufræðinema mæld með matslista úr smíðju Klockars ásamt viðbættum siðferðisklemmum sömdum af höfund. Svör lögreglufræðinema verða borin saman við svör lögreglumanna frá árinu 2005 og lögreglunema við í Lögregluskóla ríkisins á árunum 2005 til 2008. Niðurstöður verða skoðaðar út frá þoli þátttakenda gagnvart ósæmilegri hegðun en þar undir fellur mat á alvarleika hegðunar, hæfilegum viðurlögum og hversu líklegt að þeir myndu tilkynna hegðunina. Þá verða dregnar saman hugmyndir þátttakenda um hvaða aðstæður væru líklegastar til að valda lögreglumönnum siðaklemmu og hvernig koma megi í veg fyrir að lögreglumenn misbeiti valdi sínu. Hugmyndir um hvernig megi efla siðferði verða ræddar.

Hafið ræður (stuttmynd) (kl. 16:25-16:50 í M102)

– Signý Rós Ólafsdóttir, Þjóðleikhúsið

Hafið ræður er stuttmynd eftir Signýju Rós Ólafsdóttir, kvikmyndargerðarmann og starfsmann í Þjóðleikhúsinu. *Hafið ræður* er útskriftarverkefni Signýjar Rósar við Kvikmyndaskóla Íslands 2019 og byggir á sannsögulegum atburðum. Myndin fjallar um unga lögreglukonu sem fer að vinna í Vestmannaeyjum þar sem hún er á vakt þegar 5 ára drengur drukknar í sjónum. Lögreglukonan unga gerir sér ekki grein fyrir hvaða áhrif atburðurinn hafði á hana á þeim tíma, að verða fyrir "secondary traumatic stress" í starfi, þar sem engin áfallahjálp var á þeim tíma.

Brosmildu og stilltu börnin sem búa við hættu (kl. 16:25-16:50 í M201)

– Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands

„ég man þegar ég var lítil og var í garðinum hjá vinkonu minni að leika mér á trampólíninu með henni, meðan ég var að hoppa var ég stöðugt að hugsa um það hvort mamma væri dáið eða ekki“

„...þá var ég 11 ára og hérna ég sagði við hana bara, þú veist að ég er bara komin með nóg af þessu öllu og ég ætla bara að byrja í neyslu. Ég meina fólki líður alltaf mikið betur...common, getur varla verið eitthvað verra heldur en heima...“

John Bowlby lýsti tengslum sem tilfinningalegum böndum sem hafa áhrif á hegðun okkar frá vöggu til grafar. Til að geta skilið börn verðum við að líta til framtengsla þeirra og

umönnunaraðila. Mikilvægt er að lögreglumenn og aðrar fagstéttir sem koma að börnum séu fær um að lesa í svipbrigði, líkamlegt atferli, yrta og óyrta tjáningu barna, svo unnt sé að skima fyrir hættu í tengslasamböndum þeirra.

Í þessu erindi verður grunnur tengslakenninga og matstækja, Dynamic-Maturational Model of Attachment and Adaption, DMM móðelsins kynnt. Rýnt verður í ljósmyndir af börnum sem búa við hættu, ásamt því sem líkamlegum einkennum verða gerð skil.

Lokaorð (kl. 16:55-17:00 í N101)

– Guðmundur Oddsson, Háskólinn á Akureyri